

L Ö G

7
4. júní

um

gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lyfsalar skulu greiða árlegt gjald til ríkissjóðs vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

2. gr.

Hver lyfsali greiðir 250 kr. á ári. Gjaldið skal greitt lyfsölustjóranum 31. desember ár hvert, í fyrsta sinn 31. desember 1924.

Gjaldið má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.